

L Ö G

49

25. maí

um breyting á lögum um menntaskóla nr. 58 frá 7. maí 1946.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við lögin komi:

IX. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

Í næstu tvö ár skal, ef húsrúm leyfir, starfa við Menntaskólann á Akureyri miðskóladeild, enda starfi þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum um menntaskóla, nr. 58 frá 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

50

25. maí

um viðauka við lög nr. 109 31. des. 1945, um togarakaup ríkisins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Auk þeirra togara, sem um ræðir í 1. gr. laganna, er ríkisstjórninni heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 10 togara erlendis og skal ráðstafa þeim á sama hátt og í lagagreininni segir.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 30 millj. kr. lán, eða jafngildi þess í erlendum gjaldeyri, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán eða lána bæjar- og hreppsfélögum, sem kaupa togara, allt að 10% af kostnaðarverði skipanna, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélög þessa fjárhagsstuðnings að áliti ríkisstjórnarinnar.

50 25. maí Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppsfélögum eða félögum, sem njóta bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga. Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána samtals allt að 1.5 millj. króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson

51

L Ö G

25. maí

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, og lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:

Héraðslæknisstörfum í Reykjavíkurborguheraði gegnir borgarlæknir. Skal hann skipaður af ráðherra samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Um starfssvið hans fer eftir reglugerð, er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Fyrir „1000 kr.“ í 1. málsg. 8. gr. laga nr. 35 1940 komi: 5000 kr.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. þessara laga öðlast gildi, þegar núverandi héraðslæknir í Reykjavíkurborguheraði lætur af embætti, en þangað til annast borgarlæknir í héraðslæknis stað allt heilbrigðiseftirlit í bænum samkvæmt heilbrigðissamþykkt og á ásamt héraðslækni sæti í heilbrigðisnefnd. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 21 13. júní 1937, um breyting á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. — Að öðru leyti öðlast lög þessi þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.